

MAÍ 2001

ÁHERSLUR ATVINNULÍFSINS

EFNAHAGSMÁL

SKATTAMÁL

VINNUMARKAÐSMÁL

MENNTAMÁL

UMHVERFISMÁL

JAFNRÉTTISMÁL

LÍFEYRISMÁL

EVROPUMÁL



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



EFNISYFIRLIT

Ávarp formanns	4
Samantekt: samkeppnishæf starfsskilyrði ...	5
Efnahagsmál	9
Skattamál	14
Vinnumarkaðsmál	18
Menntamál	22
Umhverfismál	25
Jafnréttismál	28
Lífeyrismál	30
Evrópumál	32

ÁVARP FORMANNS

Meginhlutverk Samtaka atvinnulífsins er að stuðla að bættu starfsumhverfi fyrirtækja til að arðsamt atvinnulíf eflist og dafni og geti staðið undir góðum lífskjörum á Íslandi. Þetta útheimtir skýra stefnu og frumkvæði á sem flestum sviðum sem varða starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja.

Undanfarna mánuði hefur farið fram umfangsmikið málefnnastarf á vegum Samtaka atvinnulífsins. Alls hafa á annað hundrað manns frá aðildarfélögum samtakanna, einstökum fyrirtækjum og fleiri aðilum lagt drög að stefnu stjórnar Samtaka atvinnulífsins í átta málaflokkum er varða starfsumhverfi fyrirtækja. Þá var leitað liðsinnis fjölda sérfræðinga af ýmsum sviðum þjóðlífsins. Stjórn samtakanna lýsir þakklæti sínu til allra þessara aðila fyrir frjótt og fórnfúst starf í þágu íslensks atvinnulífs.

Stjórn Samtaka atvinnulífsins hefur nú fjallað um þessi drög og á grundvelli þeirra leggur hún áherslur samtakanna fram í þessu riti. Formlegt málefnnastarf sem þetta, sem öll aðild-arfyrirtæki samtakanna og einstakir starfsmenn þeirra eiga kost á að taka þátt í, skapar traustan grundvöll fyrir opinberan málflutning samtakanna. Lifandi samtök þurfa á virkri þátttöku félagsmanna að halda og vandaður málatilbúnaður eflir samtökin í sókn og vörn fyrir atvinnulífið.

Það er von stjórnar Samtaka atvinnulífsins að með þessu öflugum málefnnastarfi leggi samtökin sitt af mörkum til að tryggja íslensku atvinnulífi samkeppnishæf starfsskilyrði, landsmönnum öllum til hagsbóta.

Finnur Geirsson

SAMKEPPNISHÆF STARFSSKILYRÐI

Samkeppnishæf starfsskilyrði eru forsenda blómlegs atvinnulífs og hagvaxtar á tímum alþjóðlegrar samkeppni. Með því að tryggja íslensku atvinnulífi hagstæð starfsskilyrði eru íslenskum fyrirtækjum skapaðar nauðsynlegar forsendur til hagræðingar og virkjunar frumkvæðis og sveigjanleika í alþjóðlegri samkeppni. Þannig stendur íslenskt atvinnulíf undir áframhaldandi hagvexti og velferð samfélagsins. Þannig er Íslandi tryggt sæti í fremstu röð. Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á að starfsumhverfi atvinnulífsins verði með því besta sem gerist og þannig sköpuð skilyrði fyrir öflugum hagvexti og bættum lífskjörum.

BÚIÐ Í HAGINN FYRIR FRAMTÍÐARVÖXT

Á undanföllum árum hefur hlutfall samneyslu af vergri landsframleiðslu farið vaxandi. Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á að þessari þróun verði snúið við. Meginmarkmið stjórnvalda á næstu misserum á að vera að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og búa þannig í haginn fyrir framtíðarvöxt og velferð. Í því skyni er brýnt að koma á samkeppnishæfu skattaumhverfi og gera Ísland að eftirsóknarverðum fjárfestingarkosti. Þá þarf að halda áfram á braut einkavæðingar og forgangsraða opinberum framkvæmdum með tilliti til hagkvæmni og framleiðni.

Þrátt fyrir verulegan afgang á rekstri ríkissjóðs hefur meginþungi efnahagsstjórnar falist í aðhaldssamri stefnu í peningamálum. Vegna þenslu í efnahagslífinu hefur atvinnulífið þurft að standa undir meiri launakostnaðarhækkunum og vaxtabyrði en keppinautar í viðskiptalöndunum. Þessir veikleikar í efnahagsstjórninni hafa síðan birst í lækkun gengis krónunnar á undangengnum mánuðum.

Samtök atvinnulífsins telja að það hafi verið skynsamlegt að víkja frá þeirri fastgengis-stefnu sem áður var fylgt, vegna vaxandi halla í erlendum viðskiptum þjóðarinnar. Þó er sá möguleiki fyrir hendi að með flotgengisstefnu verði krónan óstöðugri en áður og að vaxtamunur haldi áfram að vera mikill. Í ljósi þessa telja samtökin að skoða beri kosti og galla myntsamstarfs eða tengingar við annað myntsvæði. Ávinningur myntsamstarfs í formi lægri vaxta og viðskiptakostnaðar myndi nema milljörðum króna ár hvert, en á móti kemur að ekki yrði fyrir hendi möguleikinn til aðlögunar gengis að breyttum ytri skil-yrðum.

Endurskoða þarf heimildir Samkeppnisstofnunar til að ógilda samruna fyrirtækja ef hann telst leiða til markaðsráðandi stöðu. Stofnunin á fyrst og fremst að beita sér *mis-notkun* á markaðsráðandi stöðu. Þá ber að taka aukið tillit til alþjóðlegrar samkeppni við

skilgreiningu markaðshlutdeildar. Gera verður mjög ríkar kröfur um að jafnræðissjónarmiða og andmælaréttar sé gætt við meðferð mála hjá samkeppnisyfirvöldum. Að mati Samtaka atvinnulífsins gerir núverandi skipan mála það ekki.

SKATTALÆKKANIR BRÝNAR

Samtök atvinnulífsins hafa farið ítarlega yfir brýnustu atriðin í skattalegu rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja, en ýmis nágrannaríki okkar hafa á síðustu misserum keppt við að lækka skatta á fyrirtæki. Þrjú meginatriði standa upp úr í þeim efnum. Ber þar fyrst að nefna lækkað tekjuskattshlutfall, en gerð er tillaga um að það verði fært niður í 15%. Jafnframt er þung áhersla lögð á afnám eignarskatta og stimpilgjalda, en þau skattform eru nánast úrelt í helstu viðskiptalöndum. Þá telja Samtök atvinnulífsins brýnt að leysa vanda eignarhaldsfélaga og hlutabréfasjóða sem búa við ósamkeppnishæfar reglur í alþjóðlegri samkeppni, og að einfaldasta leiðin til þess sé að afnema skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum í eigu lögaðila.

SKILVIRK LÖGGJÖF - MINNA OPINBERT EFTIRLIT

Stöðugt fjölgar lögum, reglum og reglugerðum sem snerta atvinnurekstur og leggja á hann kvaðir. Grisjun í regluskóginum og kerfisbundin endurskoðun löggjafarinnar með það að markmiði að gera hana einfaldari og aðgengilegri er sjálfstætt markmið. Atvinnulífið á kröfu til þess að löggjafinn leggi jafnan mat á áhrif lagafrumvarpa á atvinnulífið og þá um leið hvort nýju reglurnar hafi ekki í för með sér að öðrum reglum þurfi að breyta eða fella þær niður.

SVEIGJANLEIKI Á VINNUMARKAÐI

Standa þarf vörð um sveigjanleika og snerpu íslensks vinnumarkaðar. Reynslan hefur sýnt að ósveigjanlegar reglur sem stuðla eiga að atvinnuöryggi hafa öndverð áhrif og standa í vegi nýráðninga. Við upptöku Evrópulöggjafar og annarra alþjóðlegra reglna þarf því að nýta að fullu það svigrúm sem reglurnar gefa til aðlögunar að þörfum íslensks vinnumarkaðar. Markmið Samtaka atvinnulífsins við gerð kjarasamninga er að tryggja stöðugleika og samkeppnishæft atvinnulíf til hagsbóta jafnt fyrirtækjum sem launamönnum. Almenni vinnumarkaðurinn á að vera leiðandi í launamyndun í landinu. Opinberir aðilar verða að virða þann ramma sem þar er settur. Nauðsynlegt er að beinir samningar milli fyrirtækja og starfsmanna fái aukið vægi og að kjarasamningar hamli ekki þeirri þróun. Loks er þörf á að efla launakannanir Kjararannsóknarnefndar og tryggja greiða leið erlends vinnuafis inn í landið.

SAMKEPPNISHUGSUN Í MENNTAKERFIÐ

Menntakerfið er grunnur að samkeppnishæfni atvinnulífsins. Innleiða þarf hugsunarhátt samkeppni í menntakerfið og efla möguleika til umbunar framsæknum skólum og kennurum. Áhersla er lögð á mikilvægi sveigjanlegs menntakerfis sem getur aðlagð sig hratt að þörfum atvinnulífsins hverju sinni. Skilgreina þarf svigrúm til skólagjalda fyrir aukna þjónustu og leita ber nýrra leiða hvað snertir rekstrarform skóla.

HAGRÆN STJÓRNÆKI Í UMHVERFISMÁLUM

Á sviði umhverfismála leggja Samtök atvinnulífsins áherslu á mikilvægi náins samstarfs stjórnvalda og atvinnulífs, áður en atvinnulífinu eru sett markmið eða leitað er leiða að settum markmiðum. Samtökin hvetja fyrirtækin til að marka sér stefnu í umhverfismálum og leggja áherslu á þátt innra eftirlits fyrirtækjanna sjálfra í umboði lögbærra aðila. Þjónustugjöld fyrir veitta þjónustu eru ásætlanlegur kostur sem hagrænt stjórnæki í umhverfismálum, en Samtök atvinnulífsins eru mótfallin álagningu umhverfisskatta sem tekjulindar fyrir opinbera aðila.

JAFNIR MÖGULEIKAR KYNJANNA HAGSMUNAMÁL ATVINNULÍFSINS

Að bæði konur og karlar fái notið hæfileika sinna og eigi jafna möguleika til starfa, starfsþróunar og launa er hagsmunamál atvinnulífsins. Í samkeppni um fólk, framleiðni og þjónustu hlýtur hæfni, þekking og dugnaður starfsmanna að ráða ákvörðunum stjórnenda. Samtök atvinnulífsins telja því að endurskoða eigi hefðir, venjur, viðhorf og vinnuaðferðir til að stuðla að auknum jöfnuði milli kvenna og karla. Stuðla eigi að jafnara starfsvali kvenna og karla en starfaskipting á vinnumarkaði er enn mjög kynbundin. Fjölga eigi konum í stjórnunarstöðum en hlutur þeirra hefur aukist hægt þrátt fyrir aukna menntun og umræðu. Aukin áhersla er einnig á að gera starfsmönnum kleift að samræma atvinnu- og fjölskyldulíf sem stuðlar að aukinni ánægju starfsfólksins og skilar sér í betri anda á vinnustað og auknum afköstum. Einelti og kynferðisleg áreitni á vinnustað á heldur ekki að líðast. Loks leggja Samtök atvinnulífsins áherslu á að jafnréttislöggjöf megi ekki vera flókin og kalla á aukið skrifræði og opinbert eftirlit. Fyrirtækin eru best til þess fallin að framkvæma lögin og ná markmiðum þeirra, svo sem varðandi jafnréttisáætlanir.

FREKARI HAGRÆÐING Í LÍFEYRISKERFINU

Samtök atvinnulífsins telja að vel hafi tekist til um löggjöf um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem tóku gildi 1. júlí 1998. Grunnréttindi sjóðsfélaga hafa verið treyst og ábyrgð einstaklinga á eigin lífeyriskjörum hefur aukist samfara virkari samkeppni þar sem boðið er upp á sífellt fleiri möguleika til séreignarsparnaðar. Samtök

atvinnulífsins hvetja stjórnir smærri lífeyrissjóða til að leita allra leiða til stækkunar og sameiningar við aðra lífeyrissjóði. Auknar hafa verið heimildir lífeyrissjóða til að fjárfesta í hlutabréfum og í erlendum gjaldmiðlum og telja Samtök atvinnulífsins það jákvætt skref og að frekari þróun í þá átt þurfi að koma til á næstu árum.

SKILGREIND SAMNINGSMARKMIÐ GAGNVART ESB

Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði hefur verið íslensku efnahagslífi gríðarlega mikilvægur. Frá undirritun samningsins hefur þó vægi EFTA-hlutans farið minnkandi og áframhald verður á þeirri þróun með stækkun sambandsins. Innan ESB hefur jafnframt aukist vægi stofnana sem ekki tengjast EES-samningnum og málaflokkar sem tengjast innri markaðnum standa utan samningsins. Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á að efla samskiptin við einstök núverandi og verðandi aðildarríki ESB, í því skyni að stuðla að áframhaldandi virkni samningsins. Þá telja Samtök atvinnulífsins mikilvægt að stuðla að upplýstri umræðu um kosti og galla ESB-aðildar og að stjórnvöld og hagsmunasamtök hefjist handa við skilgreiningu samningsmarkmiða Íslands vegna hugsanlegrar aðildarumsóknar að ESB. Ljóst er að íslenskur sjávarútvegur gæti ekki unað við núverandi stefnu ESB í sjávarútvegsmálum.

EFNAHAGSMÁL

Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á að starfsumhverfi atvinnulífsins verði með því besta sem gerist og þannig sköpuð skilyrði fyrir öflugum hagvexti og bættem lífskjörum.

FJÁRMÁL HINS OPINBERA

Tekjur, gjöld og afkoma hins opinbera skapa atvinnulífinu ramma og hafa afgerandi áhrif á samkeppnishæfni þess. Stefna í opinberum fjármálum, bæði ríkis og sveitarfélaga, á að hafa það að leiðarljósi að stuðla að stöðugu rekstrarumhverfi og kraftmiklu efnahagslífi. Í ljósi þess að bætt lífskjör byggjast á sívaxandi framleiðni er mikilvægt að takmarka hlut hins opinbera í þjóðarþúskapnum þar sem framleiðniaukning á sér einkum stað í einka-geiranum.

Á undanförunum árum hefur ríkissjóður verið rekinn með vaxandi tekjuafgangi, en sveitarfélögin búa hins vegar nær öll við stöðugan hallarekstur. Þótt góð afkoma hins opinbera í heild eigi að hluta rætur sínar í kröftugri uppsveiflu undanfarin ár þá hefur kerfislægur tekjuafgangur myndast hjá hinu opinbera, þ.e. eftir að áhrif óvenjumikils hagvaxtar hafa verið dregin frá. Mikill tekjuafgangur ríkissjóðs hefur þó ekki megnað að koma í veg fyrir jafnvægisleysi í efnahagslífinu, sem einkum hefur birst í þenslu á vinnumarkaði og gríðarlegum viðskiptahalla.

Skýringar mikils tekjuafgangs hins opinbera er ekki að finna í aðhaldi að útgjöldum heldur því að skatttekjur hafa vaxið mun hraðar en gjöldin. Samneysluútgjöld hafa vaxið hröðum skrefum á undanförunum árum en þau jukust um 40% á árabílinu 1997-2000. Þrátt fyrir óvenjumikinn hagvöxt á þessu tímabili jókst hlutur samneyslu í vergri landsframleiðslu úr 21,5% í 23,7%. Þá hafa opinberar fjárfestingar einnig farið vaxandi sem hlutfall af landsframleiðslu.

Vaxandi hlut samneyslu í þjóðarþúskapnum má að hluta rekja til aukins umfangs en þó einkum til mikillar verðbólgu í opinberri þjónustu, þ.e. launahækkana. Samtök atvinnulífsins telja að stöðva beri þessa þróun og snúa henni við. Samtök atvinnulífsins skora á stjórnvöld að setja sér markmið sem feli í sér að hlutur samneysluútgjalda vaxi ekki á næsta ári og fari síðan minnkandi. Í þessu skyni ættu ríki og sveitarfélög að einsetja sér fyrst um sinn að starfsmönnum þeirra fjölgi ekki og ekki verði lagt í nýjar fjárfestingar.

Samtök atvinnulífsins telja það ekki vera forgangsmál að ríkissjóður greiði hratt niður skuldir sínar á komandi árum. Það er vissulega verðugt markmið þar sem vaxtabyrði ríkissjóðs minnkar og þar með tekjubörf. Skuldir ríkissjóðs eru hins vegar tiltölulega litlar

í alþjóðlegum samanburði og markmið um hraða skuldalækkun má ekki koma í veg fyrir að önnur mikilvæg markmið náist og þá einkum að atvinnulífinu verði búin ákjósanleg skilyrði.

Stjórnvöld ættu að einbeita sér að því að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og búa þannig í hagin fyrir framtíðarvöxt og velferð. Þáttur í þeirri stefnumörkun er að lækka skatta á fyrirtæki, fyrst og fremst skatta sem erlendir keppinautar búa ekki við, en jafnframt að hafa það að leiðarljósi að skattalegt umhverfi hér á landi verði þannig að Ísland verði eftirsóknarverður kostur í augum erlendra fjárfesta.

Samtök atvinnulífsins telja að stjórnvöldum beri að gæta arðsemissjónarmiða í auknum mæli við forgangsröðun opinberra fjárfestinga. Opinberar fjárfestingar eiga að stuðla að aukinni hagkvæmni og framleiðni. Önnur sjónarmið verði að mæta afgangi. Sérstaklega ber að skoða áform um jarðganga- og vegagerð í þessu ljósi.

Samkeppni á opnum markaði skilar bestum árangri á öllum sviðum. Það er sjálfstætt markmið og forsenda framfara að sem stærstur hluti efnahagsstarfseminnar lúti samkeppni. Óumdeilt er að atvinnurekstur er betur kominn í höndum einkaaðila en hins opinbera. Stjórnvöldum ber að hafa það að leiðarljósi. Hið opinbera stendur nú í umfangsmiklum atvinnurekstri sem betur væri fyrir komið í höndum einkaaðila.

Ríki og sveitarfélögum ber að keppa að því að láta einkaaðilum eftir að annast þann atvinnurekstur sem þau stunda. Samtök atvinnulífsins hvetja stjórnvöld til að selja hlut sinn í þeim atvinnufyrirtækjum sem þau eiga hlut í. Má þar nefna fyrirtæki eins og Íslenska aðalverktaka, Sementsverksmiðjuna, Steinullarverksmiðjuna og Flugstöðina til viðbótar við ríkisbankana og Landssímann sem þegar hefur verið tekin ákvörðun um að einkavæða. Þá hvetja samtökin til þess að ríki og sveitarfélög hefji þegar undirbúning að einkavæðingu orkufyrirtækja.

Ríki og sveitarfélög eru skuldbundin til að veita margháttða þjónustu á sviði heilbrigðis- og menntamála og félagsþjónustu. Sú skuldbinding þarf ekki að fela í sér að opinberar stofnanir láti þjónustuna í té heldur einungis að hún sé veitt og greidd af opinberu fé. Samtök atvinnulífsins hvetja opinbera aðila til þess að leita nýrra og hagkvæmari lausna við veitingu þjónustu og fela einkaaðilum í ríkari mæli að standa fyrir henni.

Samtökin fagna því frumkvæði bæjarstjórnar Hafnarfjarðar að leita nýrra leiða við rekstur grunnskóla og hvetja önnur sveitarfélög til þess sama. Samtökin lýsa hins vegar vonbrigðum yfir frammistöðu sveitarfélaga við að nýta markaðsöflin við þá þjónustu sem

þeim er skylt að veita. Má þar nefna almenningssamgöngur, sorphirðu, leikskóla, skóla og félagsþjónustu. Á þessum sviðum eru sum stærstu einkavæðingartækifærin á næstu árum og þar mega ekki þröngir stundarhagsmunir koma í veg fyrir framfarir.

STJÓRN PENINGAMÁLA

Samtök atvinnulífsins telja það skaðlegt atvinnulífi og þjóðarbúinu í heild að búa langtímum saman við mun hærri vexti en erlendir keppinautar eins og raunin hefur verið undan gengin ár. Það dregur óhjákvæmilega úr fjárfestingum og arðsemi fyrirtækja og þar með hagvexti og líf skjörum í framtíðinni.

Þrátt fyrir verulegan afgang á rekstri ríkissjóðs hefur meginþungi efnahagsstjórnar falist í aðhaldssamri stefnu í peningamálum. Vegna þenslu í efnahagslífinu hefur atvinnulífið þurft að standa undir meiri launakostnaðarhækkunum og vaxtabyrði en keppinautar í viðskiptalöndunum. Þessir veikleikar í efnahagsstjórninni hafa síðan birst í lækkun gengis krónunnar á undangengnum mánuðum.

Samtök atvinnulífsins fagna vaxtalækkun Seðlabankans í lok mars sl. og telja að sú ákvörðun hafi verið orðin tímabær og vænta þess að það hafi verið fyrsta skrefið í vaxtalækkunarferli á næstunni. Vaxtalækkunar muni auka bjartsýni, stuðla að væntingum um aukna arðsemi í efnahagslífinu og hafa jákvæð áhrif á hlutabréfamarkaðinn. Á hinn bóginn hlýtur vaxtastefnan að miðast við að verðbólga haldist innan settra marka því áfar brýnt er að verðbólga komist sem fyrst í svipað horf og í viðskiptalöndunum.

Lækkun gengis krónunnar undanfarna mánuði hefur sett þrýsting á verðlag. Brýnt er að launakostnaði verði haldið í skefjum þannig að verðbólga fari ekki vaxandi og vextir geti lækkað.

Sú tilhögun í gengismálum sem var við lýði hér á landi á undangengum áratug, svonefnd mjúk fastgengisstefna, hefur verið á undanhaldi meðal þjóða heims á síðustu árum. Ástæðurnar eru einkum þær að við skilyrði óheftra fjármagnsflutninga getur mikið fjármagn flust til og frá einstökum ríkjum á skömmum tíma og með þeim afleiðingum að ekki reynist unnt að viðhalda fastgengisstefnunni. Ef fastgengisstefna missir trúverðugleika getur óstöðugleiki á fjármálamörkuðum siglt í kjölfarið. Flest iðnríki heims sem eru með þróuð fjármálakerfi hafa því verið að færa sig í átt til myntsamstarfs með ytra flotgengi eða til flotgengis.

Samtök atvinnulífsins telja skynsamlega þá ákvörðun ríkisstjórnar og Seðlabanka að taka upp nýja hætti við stjórn peningamála og taka upp formlegt verðbólgu markmið. Sú tilhögun er eðlileg þar sem erfitt er að halda gengi gjaldmiðla innan þröngra marka þegar

fjármagnsstraumar eru frjálsir. Ymsar hættur geta þó falist í hinni nýju skipan, einkum meira gengisflókt er landsmenn hafa áður kynnst.

Hætt er við að verulegri gengisóvissu fylgdi mikill vaxtamunur gagnvart viðskiptalöndunum. Hvort tveggja myndi hafa skaðleg áhrif á atvinnulífið, sérstaklega útflutningsfyrirtæki, og viðleitni þeirra til að hasla sér völl á nýjum mörkuðum eða bæta markaðsstöðu sína. Á hinn bóginn hefur fyrirkomulag sem tryggir varanlega stöðugt gengi gagnvart helstu viðskiptalöndum þá kosti að draga úr viðskipta- og fjármagnskostnaði, sem og gengisóvissu, sem hvetur til aukinna milliríkjaviðskipta. Slíkur stöðugleiki næst hins vegar vart nema með tengingu við myntsvæði. Slíkri tengingu fylgdi hins vegar sá ókostur að möguleikinn til aðlögunar gengis að breytingum á ytri skilyrðum þjóðarbúsins glataðist.

Mælanlegur ávinningur myntsamstarfs er einkum fólgin í lægri viðskiptakostnaði og lægri vöxtum. Áætlanir benda til þess að lækkun viðskiptakostnaðar gæti numið allt að hálfu prósentu af vergri landsframleiðslu eða sem nemur rúmum þremur milljörðum króna árlega. Ávinningur skuldara í formi lægri vaxta yrði hins vegar mun meiri.

Ekki ber því að útiloka að Íslandi muni í framtíðinni gefast kostur á aðild að Evrópska myntsamstarfinu. Stjórnvöld hafa hins vegar markað stefnu til næstu ára og mun reynslan á næstu misserum skera úr um það hvort flotgengisstefna sé hagfelldur kostur fyrir íslenskt atvinnulíf eða hvort stefnan sé of dýru verði keypt og myntsamstarf muni verða framtíðarskipan Íslands í peningamálum. Í ljósi þessa telja samtökin að á næstunni beri að skoða kosti og galla myntsamstarfs eða tengingar við annað myntsvæði.

SAMKEPPNISMÁL

Mikilvæg forsenda fyrir kröftugum hagvexti og bættum lífskjörum landsmanna er að íslenskt efnahagslíf búi við virka samkeppni á öllum sviðum. Vönduð löggjöf um samkeppnis-mál er þýðingarmikil til að stuðla að samkeppni sem tryggir góða þjónustu og lágt vöruverð. Samtök atvinnulífsins telja á hinn bóginn að það sé ekki í verkahring samkeppnisyrvalda að stjórna því með boði og bönnum á hvern hátt atvinnulíf í landinu þróast.

Samkeppnislög þarf að endurskoða, einkum heimildir Samkeppnisstofnunar til að ógilda samruna fyrirtækja ef hann telst leiða til markaðsráðandi stöðu. Samkeppnisstofnun á fyrst og fremst að beita sér gegn *misnotkun* á markaðsráðandi stöðu. Á mörgum mörkuðum hér á landi starfa fá fyrirtæki á hverju sviði og því getur ógilding samruna á grundvelli markaðsráðandi stöðu, án þess að um misbeitingu sé að ræða, hamlað gegn hagræðingu, aukinni framleiðni og bættum lífskjörum.

Íslensk samkeppnisyrfirvöld hafa sýnt tilhneigingu til að skilgreina markaði mun þrengra en eðlilegt getur talist. Þau hafa vanmetið síbreytileika þess umhverfis sem er undirorpið markaðslögmálum og taka ekki nægjanlegt tillit til mögulegrar erlendrar samkeppni í úrskurðum sínum. Íslenskir markaðir og fyrirtæki eru örsjá í alþjóðlegum samanburði og sameining fyrirtækja er til þess fallin að styrkja íslenskt atvinnulíf í síharðnandi alþjóðlegri samkeppni við margfalt stærri fyrirtæki. Lega Íslands felur núorðið í sér litla vernd gagnvart erlendri samkeppni, einkum í starfsemi þar sem upplýsinga- og fjarskipta-tæknin leikur æ stærra hlutverk og gerir nýjum aðilum auðveldara fyrir að hasla sér völl.

Samtök atvinnulífsins telja að afnema beri heimild Samkeppnisstofnunar til að ógilda samruna fyrirtækja. Ef stjórnvöld telja þá leið ekki færa er nauðsynlegt að takmarka bannheimild samkeppnislaga frá því sem nú er. Þá þurfa lögin að gera alþjóðlegri samkeppni mun hærra undir höfði, bæði möguleikum sameinaðra fyrirtækja til útrásar á erlenda markaði og styrkari stöðu til að standast samkeppni erlendis frá á innanlands-markaði.

Mjög mikilvægt er að fullkomið traust ríki á störfum samkeppnisyrfirvalda. Það verður æ mikilvægara eftir því sem þeim eru fengin meiri völd til þess að hafa afskipti af fyrirtækjum og hegðun þeirra á markaði. Gera verður mjög ríkar kröfur um að jafnræðis-sjónarmiða og andmælaréttar sé gætt við meðferð mála hjá samkeppnisyrfirvöldum. Að mati Samtaka atvinnulífsins gerir núverandi skipan mála það ekki. Samtök atvinnulífsins hvetja því stjórnvöld til þess að taka samkeppnislögin til heildarendurskoðunar.

SKATTAMÁL

Stjórnvöld ættu að einbeita sér að því á næstu misserum að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og búa þannig í haginn fyrir framtíðarvöxt og velferð. Lykilþáttur í þeirri stefnumörkun er lækkun skatta á fyrirtæki, með það að leiðarljósi að búa íslensku atvinnulífi samkeppnishæft skattalegt umhverfi og að Ísland verði eftirsóknarverður kostur í augum erlendra fjárfesta.

Ýmis nágrannaríki okkar hafa á síðustu misserum keppt við að lækka skatta á fyrirtæki. Samhliða hafa erlendar fjárfestingar aukist verulega og eru þær nú drifkraftur hagvaxtar í heiminum. Hlutirnir hafa verið að gerast hratt í þessum efnum síðustu misseri og íslenskt atvinnulíf stendur nú frammi fyrir þeirri staðreynd að starfsumhverfi fyrirtækjanna er ekki lengur samkeppnishæft við það sem keppinautarnir erlendis búa við.

LÆKKUN TEKJUSKATTSHLUTFALLS Í 15 %

Á Íslandi er tekjuskattshlutfall lögaðila nú 30%. Mörg Evrópuríki hafa lækkað tekjuskatta verulega að undanförunu til að bæta samkeppnishæfni atvinnulífsins. Er það í takt við almenna þróun sem er að eiga sér stað um heim allan, en á tímum alþjóðavæðingar færast atvinnutækifærin til og fyrirtækin dafna í þeim ríkjum sem bjóða upp á best starfskilyrði.

Margir hagfræðingar og hagstjórnendur hafa haldið því fram að lækkun tekjuskattshlutfalls fyrirtækja hafi í raun ekki í för með sér lækkun ríkistekna. Lækkun tekjuskatts er til þess fallin að auka svigrúm fyrirtækja til nýsköpunar og þróunarvinnu og til að greiða starfsfólki hærri laun. Þannig eru færð rök fyrir því að tekjuskattslækkanir stuðli að auknum hagvexti ríkja. Þá ýta háir tekjuskattar undir að hagnaði sé eytt í óarðbærar fjárfestingar.

Árið 2000 skilaði 30% tekjuskattur lögaðila um 4% af heildarskatttekjum ríkissjóðs, eða 8.257 milljónum króna. Þetta hlutfall hefur farið vaxandi allt frá árinu 1993 þegar tekjuskattshlutfallið var lækkað úr 45% í 39%, samfara lækkun frádráttarheimilda. Þar kemur til aukinn hagnaður fyrirtækjanna, minni verðbólga og breiðari skattstofn. Bein áhrif af lækkun tekjuskattshlutfallsins niður í 15% yrðu þannig lækkun á tekjum ríkissjóðs um 2%, miðað við forsendur ársins 2000. Ljóst er þó að sú yrði ekki raunin þegar til lengri tíma er litið þar sem fyrirtækin myndu auka hagnað sinn í sama hlutfalli.

Samtök atvinnulífsins leggja því til að tekjuskattshlutfall lögaðila verði lækkað úr 30% í 15%.

EIGNARSKATTAR

Eignarskattur er lagður á eignir fyrirtækja umfram skuldir. Um er að ræða almennan eignarskatt sem nemur 1,20% og sérstakan eignarskatt sem nemur 0,25%. Eignarskattar leggjast aftur og aftur á sömu eignirnar. Þeir draga því úr vilja fyrirtækja til að fjárfesta í varanlegum eignum og eru þannig í raun neysluhvetjandi.

Tekjur ríkissjóðs af eignarskatti fyrirtækja voru alls 2.454 milljónir árið 2000, eða um 1,27% af heildartekjum ríkissjóðs það ár. Miðað við 8% meðalávöxtun hefðu þessir fjármunir í vasa fyrirtækjanna skilað auknum hagnaði upp á rúmar 196 milljónir króna, sem hefði að líkindum þýtt hækkun tekjuskatts í vasa ríkissjóðs um tæpar 59 milljónir króna það árið. Miðað við sömu forsendur má ætla að tekjur ríkissjóðs ykjust til lengri tíma litið við afnám skattsins.

Nú er hins vegar svo komið að eignarskattar eru nánast óþekkt skattform í helstu viðskiptalöndum Íslendinga. Þeir skerða því samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja verulega og draga úr möguleikum á að laða hingað erlendar fjárfestingar. Samtök atvinnulífsins telja því brýnt að þetta skattform verði lagt af.

STIMPILGJÖLD

Samkvæmt núgildandi lögum eru ýmis íslensk skjöl stimpilgjaldskyld, svo sem afsöl og önnur skjöl vegna fasteigna og skipa, hlutabréf eða skilríki fyrir eignarhluta í félögum með takmarkaða ábyrgð, skuldabréf, tryggingabréf og víxlar. Öll verðbréf eru stimpilgjaldsskyld óháð því hvort þau teljast markaðsverðbréf eða ekki. Fjárhæð stimpilgjalds er mismunandi eftir tegund skjals en er almennt á bilinu 0,5 til 2%.

Hlutfall stimpilgjalda af heildarskatttekjum ríkissjóðs hefur farið lækkanði á síðustu árum. Þannig nam þetta hlutfall 1,5% árið 2000 og hefur lækkað um eitt prósentustig síðastliðinn áratug. Skýringarinnar má m.a. leita í bættri afkomu fyrirtækjanna, sem hefur leitt til meiri veltu í þjóðfélaginu og því hafa tekjur ríkissjóðs af öðrum sköttum hækkað hlutfallslega meira.

Innheimta stimpilgjalda hefur á undanfórnum árum verið á hröðu undanhaldi hjá öðrum ríkjum. Meginrökinn fyrir þeirri þróun hafa verið það ójafnræði sem gjöldin fela í sér. Nýjar tegundir verðbréfa, eins og afleiður, hafa ýtt enn frekar undir þessa þróun þar sem örðugt hefur verið að fella þau undir gjaldskylduna.

Ljóst er að allt aðrar forsendur eru nú uppi hvað varðar verðbréfiðskipti en þegar lögin voru upphaflega sett árið 1921. Íslensk fjármálafyrirtæki starfa nú í alþjóðlegu

umhverfi og afar mikilvægt er að þau sæti ekki sérstökum samkeppnishindrunum sem gera þeim ókleift að þjóna fyrirtækjum á íslenskum markaði jafnvel og erlendir keppinautar. Hérland fyrirtæki hafa á undanförnum árum leitað í auknum mæli til annarra landa við lántökur, meðal annars vegna stimpilgjalda.

Samtök atvinnulífsins leggja því til að stimpilgjöld verði felld brott, enda um úrelta skattheimtu að ræða og alvarlega samkeppnishindrun hvað snertir útgáfu og viðskipti með viðskiptabréf.

SAMKEPPNISHÆFT SKATTAUMHVERFI Á FJÁRMÁLAMARKAÐI

Því miður finnast enn í hérlandum lögum og reglum þættir sem hindra eðlilegan vöxt innlends fjármálamarkaðar. Lög um verðbréfasjóði, nr. 10/1993, setja fjárfestingarstefnu slíkra sjóða mun þrengri skilyrði en almennt gerist erlendis. Af þessum sökum hafa íslensk fjármálafyrirtæki fremur kosið að stofna sína verðbréfasjóði erlendis, þótt stærstur eða allur hluti fjárfestanna séu íslenskur.

Reglur um skattlagningu erlendra aðila af söluhagnaði hlutabréfa og framkvæmd á því sviði hafa dregið verulega úr möguleikum fjármálafyrirtækja okkar á að markaðssetja sig og íslensk hlutabréf á erlendum mörkuðum, enda tíðkast slíkar reglur almennt ekki í viðskiptalöndum okkar. Hlutabréfasjóðir, stofnaðir hér á landi, eiga verulega undir högg að sækja þar sem gildandi reglur leiða til tvískattlagningar, greiða þarf skatt af bæði þeim hagnaði sem myndast í einstökum félögum sem mynda sjóðinn og þeim hagnaði sem myndast í sjálfum sjóðnum.

Sömu skattareglur gera það að verkum að eignarhaldsfélög um einstakar fjárfestingar eru frekar stofnuð erlendis en hér á landi. Samkvæmt íslenskum skattareglum þurfa slík félög að greiða fullan tekjuskatt af þeim hagnaði sem skapast við sölu á eignarhluta þeirra í öðrum félögum, auk þess sem eignarhaldsfélaginu sjálfu ber að greiða tekjuskatt af hagnaðinum sem myndast innan félagsins.

Þegar Íslendingar stofna eignarhaldsfélög erlendis leiða gildandi ákvæði einnig til þess að arður greiddur út til innlends rekstraraðila af hlutafélögum er einungis frádráttarbær frá rekstri ef hann hefur verið skattlagður með sambærilegum hætti í hinu erlenda ríki. Þetta hefur leitt til þess að íslenskir fjárfestar sem stofnað hafa eignarhaldsfélög erlendis greiða arðinn ekki út úr eignarhaldsfélögunum, heldur halda fjármununum ytra.

Samtök atvinnulífsins telja að einfaldasta leiðin og sú árangursríkasta til að leysa vandamál eignarhaldsfélaganna og hlutabréfasjóðanna sé að afnema skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum í eigu lögaðila.

V Í Ð A R Þ Ö R F Ú R B Ó T A

Samtök atvinnulífsins telja að víða annars staðar sé þörf úrbóta í skattamálum en á þeim sviðum sem þegar er getið. Samhliða alþjóðavæðingu íslensks atvinnulífs er þannig tímabært að afnema verðbólguveikningsskil og að heimila fyrirtækjum að færa bókhald og telja fram til skatts í erlendri mynt.

Ennfremur ber að huga að endurskoðun á þeirri gríðarlegu flóru óbeinna skatta, vörugjalda og smærri gjalda sem innheimt eru af hinu opinbera. Hækka ber hámarksfjárhæð kaupréttarsamninga í tvær milljónir króna á ári á hvern starfsmann. Auka ber frádráttarheimildir fyrirtækja vegna stuðnings við nýsköpun og rannsóknir. Endurskoða þarf reglur um íslenska starfsmenn sem sendir eru tímabundið til starfa erlendis á vegum hér-
lendra fyrirtækja og setja þarf sérstakar reglur um hagstæða skattalega meðferð erlendra sérfræðinga sem hingað koma tímabundið til starfa. Loks er brýnt að stjórnvöld hugi að því að fjölga tvísköttunarsamningum við erlend ríki.

VINNUMARKAÐSMÁL

Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á að viðhalda sveigjanleika og snerpu íslensks vinnu-
markaðar. Kjarasamningar þurfa að tryggja stöðugleika og samkeppnisfærni íslensks
atvinnulífs og endurspegla ný viðhorf á vinnumarkaði.

SVEIGJANLEGUR VINNUMARKAÐUR EYKUR NÝSKÖPUN OG ATVINNUÖRYGGI

Reglur íslensks vinnumarkaðar hafa undanfarna áratugi verið sveigjanlegri en í flestum
öðrum Evrópulöndum. Íslensk fyrirtæki hafa ekki þurft að búa við þær ströngu reglur um
stofnun og slit ráðningarsamninga sem margar Evrópuþjóðir hafa bundið í lög með það
að markmiði að auka atvinnuöryggi. Reynslan hefur hins vegar sýnt að slíkar ósveigjan-
legar reglur hafa haft öndverð áhrif, staðið í vegi nýráðninga og dregið úr viðbragðsflýti
fyrirtækja. Þær hafa því hamlað vexti og nýsköpun. Í mörgum þessum ríkjum hefur
atvinnuleysi fest rætur andstætt því sem þekkist þar sem sveigjanleiki er meiri. Ef lög-
bundnar hömlur takmarka möguleika á fækkun starfsfólks taka fyrirtæki síður þá áhættu
að ráða starfsmenn, ef ekki er fullkomlega öruggt um framtíðarverkefni.

Nú eru blikur á lofti. Evrópulöggjöf og reglur þrengja að stjórnunarrétti atvinnurekenda.
Þegar hafa verið innleiddar reglur á Íslandi sem draga úr snerpu fyrirtækja vegna kröfu
um formleg samskipti, tilkynningar og samráð. Mikilvægt er að þar verði ekki gengið
lengra en nauðsyn ber til og að íslensk stjórnvöld geri allt sem í þeirra valdi stendur til
að stemma stigu við ónauðsynlegum höftum sem eru til þess fallin að hamla framþróun
og einungis munu leiða af sér atvinnuleysi og þrengingar á vinnumarkaði. Við upptöku
Evrópulöggjafar og annarra alþjóðlegra reglna í íslensk lög þarf einnig að nýta það svig-
rúm sem reglurnar gefa til aðlögunar að þörfum og hefðum íslensks vinnumarkaðar. Vítin
eru til að varast þau og því ber okkur að varðveita sveigjanleika og snerpu íslensks vinnu-
markaðar. Sveigjanleikinn má ekki glatast.

KJARASAMNINGAR TRYGGI STÖÐUGLEIKA OG SAMKEPPNISHÆFT ATVINNULÍF

Markmið Samtaka atvinnulífsins við gerð kjarasamninga er að tryggja stöðugleika og
samkeppnishæft atvinnulíf öllum til hagsbóta, jafnt fyrirtækjum sem launamönnum.
Fyrirtæki í samkeppnisrekstri hljóta að vera leiðandi í launamyndun í landinu. Þau geta
ekki sótt aukinn launakostnað í vasa skattgreiðenda. Aðrir aðilar á vinnumarkaði, ríki og
sveitarfélög, mega ekki grípa inn í þetta ferli með yfirboðum við gerð kjarasamninga. Því
verða opinberir aðilar að taka fullt mið af þeim kjarasamningum sem gerðir eru á
almennum vinnumarkaði og virða þann ramma sem þar er settur.

AUKIÐ VÆGI BEINNA SAMNINGA FYRIRTÆKJA OG STARFSMANNA

Laun og önnur starfskjör byggjast í ríkari mæli á persónubundnum samningum milli
atvinnurekenda og starfsmanna. Nauðsynlegt er að kjarasamningar taki mið af þeirri
þróun og hamli ekki frjálsum samningum sem koma jafnt fyrirtækjum og launamönnum til
góða. Jafnframt verður að virða rétt einstaklingsins til að standa utan stéttarfélaga.

Markmið fyrirtækja og starfsmanna er að auka framleiðni og bæta launakjör á unna
vinnustund. Kjarasamningsbundnir launataxtar og önnur ákvæði samninga verða þannig að
veita fyrirtækjunum svigrúm til að koma á framleiðnitengdum launakerfum og umbuna
starfsmönnum eftir frammistöðu.

Fyrirtæki eru mismunandi og sömuleiðis störf og starfsmenn. Launakerfi sem mæla alla
eins eftir starfsaldri og starfsheiti án tillits til frammistöðu hafa þá staðreynd að engu.
Kjarasamningar og lög eiga að skapa rúman ramma um samskipti starfsmanna og
fyrirtækja og hvetja þá til að taka á með fyrirtækinu.

Fyrirtækin þurfa að geta metið mismunandi hæfileika og frammistöðu starfsmanna,
auðveldað þeim að auka menntun sína og tileinka sér nýjungar, hvatt þá til að bæta sig í
starfi og umbunað þeim fyrir árangur. Það eru sameiginlegir hagsmunir starfsmanna og
fyrirtækja. Samtök atvinnulífsins vilja stuðla að útbreiðslu og uppbyggingu launakerfa sem
virða þá staðreynd að það er munur á einstökum fyrirtækjum og starfsmönnum.

Gera þarf starfsmenn betur meðvitaða um heildarlaunakostnað og auka þannig skilning á
rekstri fyrirtækja og vandamálum þess þegar launakostnaður eykst umfram verðmæta-
sköpun.

TRAUSTAR LAUNAKANNANIR

Í mörgum geirum atvinnulífsins er markaðslaunakerfið ráðandi og því mikilvægt að
upplýsingar um launakjör einstakra starfshópa séu aðgengilegar og áreiðanlegar.
Launakannanir Kjararannsóknarnefndar gegna þar mikilvægu hlutverki en svara ekki að
fullu þörfum atvinnulífsins. Úrtakið nær ekki til allra atvinnugreina auk þess sem úrtak í
einstökum starfsgreinum er of lítið.

Lausnin hefur hins vegar ekki falist í þeim launakönnunum sem stéttarfélög hafa
framkvæmt meðal sinna félagsmanna. Þessar launakannanir hafa oft á tíðum verið ófull-
komnar og auðvelt að draga af þeim rangar ályktanir. Misvísandi launakannanir skapa ekki
frið á vinnumarkaði og því mjög mikilvægt að einn hlutlaus aðili standi að gerð launa-
kannana á almennum vinnumarkaði. Kjararannsóknarnefnd er best til þess fallin að gegna

Því hlutverki og því er nauðsynlegt að styrkja stoðir hennar og gera henni kleift að stækka úrtak sitt og ná til fleiri starfshópa en nú er. Jafnframt ber að kanna möguleika aukins samstarfs nefndarinnar við Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna (KOS) með sameiningu rekstrar að markmiði. Loks þurfa fyrirtækin að taka jákvætt beiðnum um þátttöku því einungis með góðri þátttöku þeirra fást marktækar niðurstöður.

ERLENDIR STARFSMENN

Í mikilli þenslu á vinnumarkaði hafa mörg fyrirtæki ráðið erlenda starfsmenn. Við þær aðstæður er mikilvægt að leið vinnuafis sé greið inn í landið. Núverandi kerfi er hins vegar of þungt í vöfum enda koma of margir aðilar að ákvörðunarferlinu. Of langur tími líður frá því að umsókn er lögð fram þar til leyfi er veitt. Veiting dvalar- og atvinnuleysis þarf að vera í höndum eins aðila í stað tveggja nú og fella þarf niður umsagnarrétt stéttarfélag. Umsagnarréttur stéttarfélag er frá þeim tíma þegar félögin fóru jafnframt með úthlutun atvinnuleysisbóta og höfðu þannig yfirsýn yfir hvort atvinnulausir menn væru tiltækir. Nú gefa vinnumiðlanir upplýsingar um atvinnuleysi í einstökum starfsgreinum og umsagnarréttur stéttarfélag er því einungis til þess gerður að tefja ákvarðanatöku.

STARFSMENN ERLENDIS

Það hefur færst mjög í vöxt að íslensk fyrirtæki sendi starfsmenn tímabundið til starfa í útlöndum á sínum vegum. Samkvæmt EES-samningnum geta starfsmenn þá að vissum skilyrðum uppfylltum verið áfram í íslenska almannatrygginga- og lífeyriskerfinu þannig að fyrirtækið greiði tryggingagjald vegna þeirra hér á landi en ekki í því landi þangað sem þeir eru sendir. Sama á einnig við um lífeyrisðgjöld. Framkvæmd þessara reglna er þó enn ábótavant, upplýsingar eru ekki nægilega aðgengilegar og afgreiðslur stjórnvalda tafsamar. Á þessu þarf að ráða bót. Loks þarf sem fyrr segir að endurskoða skattareglur um íslenska starfsmenn sem sendir eru tímabundið til starfa erlendis á vegum héraðs fyrirtækja. Algengt fyrirkomulag er að starfsmenn frá samkeppnislöndunum greiði ekki tekjuskatt til heimalands eftir 6 mánaða dvöl erlendis.

TRYGGINGAR VEGNA VEIKINDA OG SLYSA

Launagreiðslur vegna veikinda og slysa geta verið mjög þungbærar fyrir smærri fyrirtæki. Með því að gera forfallalaunagreiðslur tryggingatækar er fyrirtækjum gert kleift að dreifa áhættunni. Það er hins vegar kostnaðarsamt fyrir hvert og eitt fyrirtæki að tryggja áhættu sem þessa og því eðlilegt að SA hafi frumkvæði að gerð staðlaðra forfallatrygginga.

SJÁLFSTÆÐI ATVINNULEYSISTRÝGGINGASJÓÐS

Mikilvægt er að Atvinnuleysistryggingasjóður fái gegnt því lögbundna hlutverki sínu að greiða út atvinnuleysisbætur þegar á reynir, en sjóðurinn er eingöngu fjármagnaður með atvinnutryggingagjaldi vinnuveitenda, bæði opinberra og einkafyrirtækja. Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á að sjóðurinn haldi sjálfstæði sínu og sjóðsstjórn fái að rækja það hlutverk sitt samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar að ná bestu mögulegu ávöxtun á fjármuni sjóðsins. Samtök atvinnulífsins ítreka mótmæli sín og launþegahreyfingarinnar gagnvart því að ríkisvaldið sölsi sjóðinn undir sig og færi fasteignir hans og lausafé í ríkissjóð. Það er í andstöðu við þá hugsun sem lá til grundvallar þegar sjóðurinn var stofnaður af aðilum vinnumarkaðarins í kjölfar kjarasamninga 1955.

M E N N T A M A L

Öflugt atvinnulíf er forsenda velferðar og lífsgæða. Menntakerfið er grunnur að samkeppnishæfni atvinnulífsins. Fjölbreytt menntun er forsenda fyrir vexti og viðgangi efnahags, menningar og þjóðlífs. Menntakerfið, þjónustuhlutverk þess við atvinnulíf og fyrirtæki og möguleikar þess til að þróast í takt við nýjar þarfir, er því í brennidepli.

S A M S T A R F A T V I N N U L Í F S O G S K Ó L A

Samtök atvinnulífsins eru í fjölbreyttu samstarfi um menntamál. Samtök atvinnulífsins leggja fram almenna stefnu og áherslur en vinna að framgangi einstakra mála í samvinnu við aðildarsamtök, samtök launafólks og opinbera aðila.

Menntakerfið er mikilvægt þjónustutæki til að byggja upp og viðhalda þekkingu sem nýtist í atvinnulífinu. Öll skólastig skipta máli.

Á leikskólastigi og í yngri bekkjum grunnskóla er æskilegt að efla hjá stúlkum og drengjum vitneskju um atvinnulífið og leggja grunn að viðhorfi beggja kynja til tækifæra í atvinnulífi.

Í grunnskólum er eðlilegt að fræðsla um atvinnulífið sé þáttur í lífsleikni, þ.á m. vörubekking, gæða- og öryggisvitund. Kanna má möguleika á samstarfi við samtök í atvinnulífinu og einstök fyrirtæki um útfærslu þessa þáttar.

Á framhaldsskólastigi er tækifæri til að auka það samstarf atvinnulífs og skóla sem þegar er fyrir hendi. Auk iðn- og verknámsgreina er ástæða til að gefa nemendum í viðskiptagreinum kost á starfsþjálfun í fyrirtækjum. Örar tækniframfarir vekja þörf fyrir meiri og betri vinnustaðakennslu. Brýnt er að kalla hér stjórnvöld til ábyrgðar og leggja grunn að formlegri og samræmdri vinnustaðakennslu víða í atvinnulífinu.

Háskólastigið er í örri þróun. Tækifæri til nýsköpunar og verðmætasköpunar eru þar mörg. Dæmin sýna að háskóladeildir, sem vinna markvisst að samstarfi við atvinnulífið, dafna vel og atvinnulífið nýtur þar góðs af.

Það færist í vöxt að nemendur, í framhaldsskóla og háskóla, vinni raunhæf skólaverkefni í samvinnu við fyrirtæki. Ávinningur af nemaverkefnum er ótvíræður. Ný fræðileg þekking er með þessum hætti hagnýtt á skjótan hátt.

Skólar og fræðslufyrirtæki þurfa að taka mið af menntaþörfum atvinnulífsins. Þetta á sérstaklega við um formlega endurmenntun og stjórnendabjálfun.

S A M K E P P N I S H Æ F N I

Innleiða þarf hugsunarhátt samkeppni um þjónustu, gæði og velferð nemenda. Hraðfara hnattvæðing gerir kröfur um sveigjanlegt og viðbragsfljótt menntakerfi.

Bæta þarf skólastarfið, t.d. með því að nýta aðferðir atvinnulífsins. Gera þarf einstökum skólum kleift að bera sig saman við aðra skóla. Setja þarf sérstakar matsreglur í þessu skyni, sem hafa velferð nemenda að markmiði.

Skólar eiga að veita sem besta þjónustu og starfsemi þeirra í auknum mæli að miðast við ólíkar þarfir nemenda. Möguleiki þarf að vera fyrir hendi til að umbuna framsæknum og þjónustumiðuðum skólum og kennurum.

Skólar, sem ekki eru í eigu opinberra aðila, geta verið skólum ríkis og sveitarfélaga fyrirmynd um að sinna breytilegri eftirspurn einstaklinga og fyrirtækja eftir menntun.

Skólar og samtök í atvinnulífinu hafa í auknum mæli vakið athygli ungs fólks á námsbrautum sem sinna brýnum þörfum atvinnulífsins, einkum verk- og tæknibrautum. Mikilvægt er að halda slíku samstarfi áfram, kanna þarfir atvinnulífsins fyrir menntun og að uppfylla þessar þarfir. Leggja þarf áherslu á að viðskipta- og verktækniþættir séu í almennum kjarna framhaldsskólanáms. Við skilyrði alþjóðlegrar samkeppni er jafnframt brýnt að efla tungumálakennslu í grunn- og framhaldsskólum.

Sérstakan gaum þarf að gefa nýbúum og stöðu þeirra. Aðlögun nýbúa er þróunarverkefni sem margir þurfa að koma að og felur í sér margs konar ávinning, m.a. fjölbreyttari menningu. Mikilvægt er að þátttaka nýbúa í samfélaginu verði skilgreind sem sérstakt hagsmunamál fyrir alla, m.a. til að auka samkeppnishæfni atvinnulífsins. Menntun er mikilvæg í þessu skyni.

N Ý J A R L E I Ð I R

Áfram þarf að efla gæðastjórnun í skólum. Meta þarf hlutlægt þau verðmæti sem skólastarfsemi skapar og gera árangurinn sýnilegan. Framboð menntunar á öllum skólastigum þarf að vera gegnsætt. Koma þarf til móts við einstaklingsbundnar þarfir og vilja fólks til að mennta sig og börnin sín í þeim skólum sem hugur þeirra stendur til. Skipting í skólahverfi heyrir sögunni til.

Brottfall úr skóla er sérstakt áhyggjuefni. Er hér um að ræða vanda þjóðfélags, atvinnulífs og skólakerfis. Betri þjónusta skólakerfisins við brottfallshópa felur í sér ávinning fyrir alla.

Gera þarf starfsemi grunn-, framhalds- og háskólastigsins hnitmiðaðri. Nýta þarf betur hvert skólaár og stytta grunnskóla- og framhaldsskólastigið um eitt ár hvort, samhliða auknum kröfum til kennara og nemenda. Nemendur hefji nám einu ári fyrr í framhaldsskóla og tveimur árum fyrr á háskólastigi. Með þessu næðist betri nýting skólaársins og íslenskt menntakerfi yrði sambærilegra menntakerfum bæði austan hafs og vestan.

Stjórnvöld eiga að standa vörð um þjónustu við borgarana á sviði menntunar. Ríki og sveitarfélög setji reglur og geri kröfur um starfsemi skóla og veiti þeim aðhald og eftirlit. Stjórnvöld eiga að vera fulltrúi nemenda og fjölskyldna gagnvart þeim sem þjónustuna veita.

Samtök atvinnulífsins fagna sem fyrr segir því frumkvæði bæjarstjórnar Hafnarfjarðar að leita nýrra leiða við rekstur grunnskóla. Með gæði, þjónustu og velferð einstaklinga að leiðarljósi ber stjórnvöldum að kaupa þjónustu á sviði fræðslu og menntunar af þeim sjálfsábyrgu fræðslufyrirtækjum sem hæfust eru. Réttarform slíkra fyrirtækja getur verið með ýmsu móti. Jafnframt þarf að skilgreina svigrúm til skólagjalda fyrir aukna þjónustu menntafyrirtækja, sem ekki komi í stað lögbundinna framlaga hins opinbera til menntamála.

Samtök atvinnulífsins leggja til að opinbert fé til menntunar sé veitt nemendum sem aftur ráðstafi því til þeirra skóla sem þeir velja sér („ávisanakerfi til náms“). Skólar keppist þannig um að laða til sín nemendur á grundvelli gæða og fjölbreytts námsframboðs.

Átak hefur verið unnið af hálfu stjórnvalda og atvinnulífs í málum símenntunar undanfarin ár. Samtök í atvinnulífinu, skólar, félög og menntamálaráðuneyti hafa átt margvíslegt samstarf um þennan málaflokk. Mikilvægt er að gefa fólki kost á fjölbreyttri símenntun, bæði með hefðbundnum leiðum og með aðstoð nýrrar kennslutækni, m.a. með rafrænum hætti. Sérstaklega ber að leggja áherslu á símenntun sem styrkir fólki í starfi og gerir það fært um að takast á við breytingar á vinnumarkaði. Annað tækifæri til náms verði fastur liður í skólastarfi. Loks er ákjósanlegt að gefa fólki kost á námssparnaði, hliðstæðum lífeyrissparnaði, sem nýttur sé til reglulegrar sí- og endurmenntunar.

VERKEFNIÐ FRAMUNDAN

Verkefnið framundan er því að innleiða samkeppnishugsun í skólakerfið, gera árangur skóla sýnilegan og metinn, bjóða út rekstrarþætti á grundvelli gæða, fækka grunnskólaárum í níu og framhaldsskólaárum í þrjú, innleiða viðskipta- og verktækni-áfanga í almennan kjarna framhaldsskóla, fjölga viðskipta- og tæknimenntuðum á háskólastigi, gera annað tækifæri til náms að föstum lið í skólastarfi, innleiða ávisanakerfi til náms á öllum skólastigum, og taka upp námssparnaðarreikninga til símenntunar.

UMHVERFIS MÁL

Íslenskt atvinnulíf byggist að miklu leyti á nýtingu náttúru og auðlinda landsins. Útflutningsgreinar þjóðarinnar eiga mikið undir því að hér á landi takist að viðhalda hreinni, ómengaðri náttúru og gjöfulegum fiskimiðum umhverfis landið. Samtök atvinnulífsins líta á umhverfismálin í viðtækri merkingu þess orðs, sem spannar starfsumhverfi vinnustaða, ytra umhverfi þeirra, meðferð hættulegra efna og náttúruvernd samfara auðlindanýtingu. Markviss stefna fyrirtækja í umhverfismálum og örugg stjórn þeirra mála skipar þeim í röð framsækinnar fyrirtækja og stuðlar að bættri samkeppnisstöðu þeirra.

SAMSTARF UM MARKMIÐ OG LEIÐIR

Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á að stjórnvöld hafi náð samráð við fulltrúa atvinnulífsins áður en atvinnulífinu eru sett markmið í umhverfismálum, eða leitað er leiða að settum markmiðum. Slíkar leiðir þurfa að vera tæknilega og fjárhagslega hagkvæmar fyrir atvinnureksturinn í landinu og byggja á lögmálum markaðarins. SA leggja áherslu á frumkvæði atvinnulífsins og hvetja fyrirtækin til virkrar þátttöku.

ALÞJÓÐLEG SAMVINNA Í UMHVERFISMÁLUM

Samtök atvinnulífsins telja að ríki heims eigi að leitast við að koma í veg fyrir hnattræna mengun af völdum atvinnustarfsemi til lands og sjávar. Samtök atvinnulífsins eru fylgjandi alþjóðasamvinnu sem miðar að því að koma í veg fyrir mengun lands, vatns, sjávar og andrúmslofts. Einkum er átt við mengun sjávar af völdum þrávirkra lífrænna efna og geislavirks úrgangs, en einnig losun ósoneyðandi efna og gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið. SA leggja ríka áherslu á að haft verði samráð við fulltrúa atvinnulífsins við undirbúning alþjóðasamninga sem koma til með að leggja kvaðir á atvinnulífið, eða þegar tekin er ákvörðun um aðild Íslands að slíkum samningum.

Samtök atvinnulífsins leggja á það áherslu að alþjóðasamningar takmarki ekki möguleika ríkja til að auka nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa til iðnaðarframleiðslu. Þetta gildir eins þó nýting orkunnar auki staðbundið losun gróðurhúsalofttegunda, enda komi hún í stað framleiðslu, sem hefði í för með sér meiri losun í alþjóðlegu samhengi. Magn gróðurhúsalofttegunda í andrúmslofti ræðst af útstreymi þeirra að frádreginni bindingu, óháð því hvar slíkar aðgerðir fara fram.

VINNUMHVERFI

Frá sjónarmiði fyrirtækjanna er vinnuumhverfi, framleiðsla og ytra umhverfi ein órofa heild. Kröfur á einu sviði verða að samræmast áherslum á öðrum sviðum umhverfismála. Samtök atvinnulífsins vilja standa að alhliða stefnumótun í vinnuumhverfis- og heilsu-

verndarmálum starfsmanna með stjórnvöldum og aðilum launþegahreyfingarinnar. Þar verði stefnt að viðurkenndum lausnum á tæknilegum, heilsufarslegum og fjárhagslegum grunni.

YTRA UMHVERFI

Samtök atvinnulífsins brýna fyrir atvinnurekendum að draga sem mest úr óæskilegum áhrifum starfseminnar á umhverfið. SA leggja á það áherslu að fyrirtækin marki sér stefnu í umhverfismálum og komi skipulagi og stjórn á umhverfismálin með virku innra eftirliti.

ÚRVINNSLA ÚRGANGS

Samtök atvinnulífsins hvetja atvinnurekendur að haga rekstri sínum á þann veg að dregið verði sem mest úr myndun hvers kyns úrgangs. Lögð er áhersla á endurnotkun og endurnýtingu úrgangs innan fyrirtækjanna sjálfra eftir því sem við verður komið. Samtök atvinnulífsins vilja leggja sitt að mörkum í samvinnu við stjórnvöld og sveitarfélög til að koma stjórn á úrvinnslu þess úrgangs sem fellur til í landinu þar sem beitt verði markaðs-lausnum, m.a. til að uppfylla ákvæði alþjóðasamninga sem við erum aðilar að. SA leggja áherslu á frumkvæði atvinnulífsins í slíkum málum.

INNRA EFTIRLIT

Samtök atvinnulífsins hvetja atvinnurekendur til að koma á innra eftirliti í fyrirtækjum sínum sem komið getur að fullu eða að hluta til í stað ytra eftirlits lögbærs eftirlitsaðila. Slíkt innra eftirlit reiknast til lækkunar lögboðinna eftirlitsgjalda í hlutfalli við framlag. SA leggja á það áherslu að atvinnurekandi geti falið hverjum þeim þjónustuaðila innra eftirlit fyrir sína hönd sem öðlast hefur viðurkenningu lögbærs eftirlitsaðila.

LEYFISVEITINGAR

Samtök atvinnulífsins leggja á það áherslu að starfsleyfis skyld fyrirtæki hafi ávallt gild starfsleyfi. Mikilvægt er að starfsleyfi gildi í sem lengstan tíma meðan forsendur starfsleyfisveitingarinnar ekki breytast og að ákvæði í leyfum verði samræmd fyrir samskonar starfsemi á landinu.

MEÐFERÐ HÆTTULEGRA EFNA

Samtök atvinnulífsins leggja sérstaka áherslu á að gætt sé fyllsta öryggis gagnvart starfsmönnum og umhverfi við meðferð hættulegra efna í atvinnurekstri. Á það jafnt við geymslu, merkingu, notkun og förgun hættulegra efna eða vöru sem inniheldur hættuleg efni, en slíkir vöruafgangar flokkast undir spilliefni.

AUÐLINDANÝTING OG NÁTTÚRUVERN

Samtök atvinnulífsins vilja nýta auðlindir lands og sjávar í þágu atvinnulífs, landsmönnum öllum og komandi kynslóðum til efnahagslegs og félagslegs ávinnings. Endurnýjanlegar auðlindir verði nýttar á sjálfbæran hátt með sem minnstri röskun á náttúrulegu umhverfi. Við nýtingu annarra auðlinda og landgæða, svo sem við töku jarðefnis og þjónustu við ferðamenn, verði tekið tillit til sérkenna íslenskrar náttúru og áhersla lögð á að viðhalda þeim.

SKATTAR OG ÞJÓNUSTUGJÖLD

Samtök atvinnulífsins eru mótfallnir hvers konar umhverfissköttum sem lagðir eru á atvinnulífið og nær eingöngu eru ætlaðir sem tekjuöflun fyrir ríkissjóð í skjóli umræðunnar um umhverfismál.

Samtök atvinnulífsins telja þjónustugjöld ásættanlegan kost sem hagrænt stjórntæki í umhverfismálum þar sem slíkum gjöldum verður við komið til að ná settum markmiðum. Samtökin telja eðlilegt að greiða sannanlegan kostnað fyrir veitta þjónustu, en mótmæla kröfum um þjónustugjöld sem renna beint í ríkissjóð.

UMHVERFISÁBYRGÐ

Með umhverfisábyrgð er átt við bótaskyldu rekstraraðila á því tjóni sem reksturinn kann að valda á umhverfinu. Löggjöf um umhverfisábyrgð atvinnurekstrar er í mótun víða í löndum Evrópusambandsins. Íslenskt atvinnulíf þarf að taka fullan þátt í mótun reglna sem settar kunna að verða um þessi mál á Íslandi í samvinnu við stjórnvöld. Fyrirtækin þurfa að geta dreift áhættunni, m.a. með fyrirbyggjandi aðgerðum og váttryggingum og því er nauðsynlegt að umhverfisábyrgð sem lögð kann að verða á íslenskt atvinnulíf sé vel skilgreind og hámark bótafjárhæða hófleg.

JAFNRÉTTISMÁL

Að konur og karlar eigi jafna möguleika til starfa, starfsþróunar og launa er hagsmunamál atvinnulífsins. Í samkeppni um fólk, framleiðni og þjónustu hlýtur hæfni, þekking og dugnaður starfsmanna að ráða ákvörðunum stjórnenda í stað hefðbundinna viðhorfa og venja. Auknir möguleikar starfsfólks til að samræma atvinnu og fjölskyldulíf skila sér einnig í aukinni vellíðan og betra starfsframlagi.

HLUTVERK SA

SA hefur leiðandi hlutverki að gegna í að auka umræðu um stöðu kvenna og karla með hagsmuni atvinnulífsins að leiðarljósi.

Það er einnig hlutverk SA að miðla upplýsingum og fræðslu um jafnréttismál til fyrirtækja sem óska ráðgjafar í jafnréttismálum út frá forsendum fyrirtækjanna og starfsmanna þeirra en víða er unnið öflugt jafnréttisstarf innan fyrirtækja sem getur verið öðrum til fyrirmyndar.

JAFNRÉTTI KYNJA

Virk jafnréttisstefna stuðlar að betri nýtingu á hæfileikum og þekkingu starfsmanna. Hagur atvinnulífsins er að allir starfsmenn fái notið eigin verðleika og hafi jöfn tækifæri til starfa og starfsþróunar óháð kynferði. Samtök atvinnulífsins telja því að:

Endurskoða eigi hefðir, venjur, viðhorf og vinnuaðferðir innan fyrirtækja til að stuðla að auknum jöfnuði milli kvenna og karla í atvinnulífinu.

Greiða eigi sömu laun fyrir sömu vinnu án tillits til kynferðis. Launaákvæðanir eigi að endurspeglar starf, ábyrgð, vinnuframlag og hæfni viðkomandi starfsmanns.

Stuðla eigi að jafnara starfsvali kvenna og karla. Starfaskipting á vinnumarkaði er enn mjög kynbundin, sem endurspeglar í launamun milli kynja.

Fjölga eigi konum í stjórnunarstöðum í atvinnulífinu en hlutur þeirra hefur aukist hægt þrátt fyrir aukna menntun og umræðu.

JAFNRÉTTISLÖGGJÖF

Íslensk jafnréttislöggjöf tryggir öllum jafna stöðu óháð kynferði með tilliti til starfa og launa. Löggjöfin leggur jafnframt formlegar skyldur á atvinnurekendur, svo sem um gerð skriflegrar jafnréttisstefnu ef starfsmenn eru 25 eða fleiri. SA leggur því áherslu á mikilvægi þess að jafnréttislöggjöf sé ekki mjög flókin eða kalli á aukið skrifræði og opinbert

eftirlit. Fyrirtækin eru best til þess fallin að ákveða hvernig ná megi almennum markmiðum jafnréttislaga og ekki á að setja þau í spennitreyju lagasetningar.

JAFNRÉTTI ÁN TILLITS TIL ÞJÓÐERNIS

Fjöldi útlendinga er starfandi í íslenskum fyrirtækjum. Það eru því hagsmunir atvinnulífsins að þess sé gætt að starfsfólk sæti ekki mismunur á grundvelli þjóðernisuppruna síns eða litarháttar.

EINELTI OG KYNFERÐISLEG ÁREITNI

Einelti og kynferðisleg áreitni á vinnustað á ekki að líðast. Samtök atvinnulífsins munu beita sér fyrir aukinni fræðslu og upplýsingum um það hvernig taka má á slíkum vandamálum á vinnustað og hvar mörkin eru dregin milli þess sem telst vera áreitni og saklaus hegðun.

SAMRÆMING ATVINNU- OG FJÖLSKYLDULÍFS

Aukin áhersla er á að gera starfsmönnum kleift að samræma atvinnu- og fjölskyldulíf. Jafnframt því að koma til móts við óskir starfsfólksins getur áhersla á fjölskyldu- og jafnréttismál verið tæki til að gera betur í rekstri fyrirtækja. Hún getur m.a. stuðlað að betri nýtingu á hæfileikum og menntun starfsfólks og að aukinni ánægju starfsfólksins, sem skilar sér fljótt í betri anda á vinnustað og auknum afköstum.

Nýju lögin um fæðingar- og foreldraorlof munu vafalaust stuðla að því að karlmenn taki aukinn þátt í umönnun barna sinna og jafna stöðu kynjanna.

Þá verður samhæfing atvinnu- og fjölskyldulífs ekki einskorðuð við vinnustaðinn án tengsla við umhverfið, svo sem dagvistun barna og skipulag skólakerfisins hvað varðar skólatíma, leyfi og starfsdaga. Góðir leikskólar, nægjanlegt framboð á dagvistun og gott skipulag skólastarfs eru forsendur fyrir atvinnuþátttöku flestra foreldra yngri barna. Þeir eru því mikilvægur hlekkur í samhæfingu atvinnu- og fjölskyldulífs.

LÍFEYRISMAÐ

Sterk staða almennra lífeyrissjóða er fagnaðarefni sem staðfestir að markmið um öfluga samtryggingu lífeyrisréttinda launafólks á almennum vinnumarkaði hefur náðst.

SÁTT UM NÚVERANDI KERFI

Lífeyrisréttindi eru hluti af starfskjörum. Þannig voru samningar um uppbyggingu lífeyrissjóða sem byggja á skyldutryggingu, sjóðssöfnun og samtryggingu eðlilegt skref í þróun kjarasamninga. Þessir sjóðir tryggja lífeyri til viðbótar grunntryggingum almannatrygginga. Þriðju stoð lífeyriskerfisins er ætlað að vera frjálsar viðbótartryggingar, m.a. í séreignarsjóðum. Sú stoð hefur á síðustu misserum verið treyst með kjarasamningum á almennum vinnumarkaði og nýjum skattareglum.

Samtök atvinnulífsins telja að vel hafi tekist til um löggjöf um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem samþykkt voru á Alþingi 1997. Lögin sem tóku gildi 1. júlí 1998 hafa stuðlað að viðtækri sátt í þjóðfélaginu um þessi mikilvægu málefni sem í nútíð og framtíð munu skipta miklu máli fyrir alla landsmenn.

Samtök atvinnulífsins telja farsælast að byggja áfram í grundvallaratriðum á þeirri stefnu sem þar var mörkuð, einkum þegar sýnt er að rekstur lífeyrissjóðanna hefur sífellt orðið hagkvæmari, meðal annars vegna fækkunar sjóða og stækkunar rekstrareininga.

Grunnréttindi í lífeyriskerfinu hafa verið treyst og ábyrgð einstaklinga á eigin lífeyriskjörum hefur aukist samfara virkari samkeppni þar sem boðið er upp á sífellt fleiri möguleika til séreignarsparnaðar.

Sú skipan hefur ekki orðið almenn að lífeyrissjóðir nýti hluta af 10% skyldutryggingu lífeyrisréttinda til séreignarsparnaðar. Kemur þar einkum tvennt til. Í fyrsta lagi er nú talin full þörf á því að nýta öll 10% til samtryggingarhlutans, m.a. vegna hærri lífaldurs, mikils kostnaðar við örorkulífeyri og önnur sérstök réttindi. Þessu til viðbótar hafa sjóðirnir hækkað réttindaávinning lífeyrisþega umfram tilskilin lágmörk og þannig nýtt 10% skyldutryggingu lífeyrisréttinda til þess að standa undir samtryggingu lífeyrissjóðanna, ellilífeyri, örorku-, maka- og barnalífeyri.

Í öðru lagi eru möguleikar til viðbótartryggingaverndar og séreignarsparnaðar nú langtum fleiri en þeir voru þegar lögin frá 1997 voru samþykkt. Skattafrestun vegna séreignarsparnaðar nemur nú allt að 4% af launastofni og til viðbótar koma 0,4% frá vinnuveitanda, sem síðan dragast frá tryggingargjaldi. Samkvæmt flestum samningum á almennum vinnumarkaði greiðir vinnuveitandi nú 1% framlag gegn 2% séreignarsparnaði starfsmanns

og frá 1. janúar 2002 verður framlag vinnuveitenda 2%. Frá næstu áramótum gefst fólki því hagstæður möguleiki til viðbótarparnaðar í séreignarsjóði sem nemur samtals 6,4% af launum, hvar af 4% eru eigið framlag sem nýtur skattfrestunar. Hér er því um gjörbreytt ástand að ræða og ljóst að markmið laganna um fjölgun valmöguleika hefur náðst. Er ástæða til að fagna sérstaklega auknum heimildum til skattahagræðis vegna lífeyrissparnaðar.

ÁSTÆÐUR TIL HAGRÆÐINGAR

Heimildir lífeyrissjóða til að fjárfesta í hlutabréfum voru á síðasta ári auknar úr 35% í 50% af hreinni eign sjóðanna, og heimildir til fjárfestinga í erlendum gjaldmiðlum voru auknar úr 40% í 50%. SA telja þessa rýmkun vera jákvætt skref og að frekari þróun þurfi til að koma á næstu árum. Lífeyriskerfið er að vaxa af slíkum hraða að það myndi ýta undir þenslu innanlands ef fjárfestingar sjóðanna takmörkuðust eingöngu við Ísland. Aukin erlend eign lífeyrissjóða stuðlar almennt að áhættudreifingu og sveiflujöfnun í íslensku hagkerfi. Lífeyrissjóðirnir verða hins vegar stærðar sinnar vegna á íslenskum verðbréfamarkaði að taka tillit til heildarhagsmuna við sínar fjárfestingarákvarðanir.

Ástæða er til þess fyrir lífeyrissjóði að setja reglur um hvort og þá hvenær nauðsynlegt kann að vera fyrir sjóði að hafa áhrif sem hluthafar á stjórnun og við stjórnarkjör í fyrirtækjum sem þeir hafa fjárfest í.

Fækkun lífeyrissjóða á undanförunum árum og meiri áhættudreifing mun draga úr mögulegum sambýlisvandamálum jafnrar og aldurstengdrar ávinnslu lífeyrisréttinda. Samtökin hvetja stjórnir smærri lífeyrissjóða til að leita allra leiða til stækkunar og sameiningar við aðra lífeyrissjóði. Í því sambandi hlýtur einnig að koma til greina að hækka mörk um lágmarksfjölda sjóðfélaga í hverjum lífeyrissjóði.

Samtök atvinnulífsins telja að uppbygging lífeyrissjóða á samningssviði samtakanna feli í sér mikilsverðan árangur af samstarfi atvinnulífs og launþegahreyfingar. Íslenska lífeyrissjóðakerfið er talið afar hagkvæmt í alþjóðlegum samanburði og hefur það leyst sín viðfangsefni á hagstæðan hátt fyrir þjóðfélagið. Á næstu árum verður tímabært að ræða frekari samþættingu lífeyrissjóðakerfis og almannatryggingakerfis með frekari hagræðingu í huga.

EVROPUMAL

Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði hefur verið íslensku efnahagslífi gríðarlega mikilvægur. Markmið samningsins er að tryggja frjálst flæði vöru, fjármagns, þjónustu og fólks og undanfarin ár hefur hann tryggt Íslendingum greiðari aðgang, en þó ekki óheftan, að sínum mikilvægustu mörkuðum. Þá hefur hann stuðlað að ýmsum jákvæðum breytingum á lagaumhverfi íslensks atvinnulífs og tryggt okkur þátttöku í ýmsum evrópskum samstarfsverkefnum, t.d. á sviði rannsókna og þróunar og á sviði menntamála.

BREYTTAR AÐSTÆÐUR

Aðstæður hafa breyst mikið frá gildistöku EES-samningsins. EFTA-stoðin hefur veikt með inngöngu Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar í Evrópusambandið, og vægi EFTA-ríkjanna í utanríkissamskiptum ESB er hverfandi. Fyrirhuguð stækkun ESB þýðir um leið stækkun EES. Í því kunna að felast tækifæri vegna nánara samstarfs við ný aðildarríki og stækkunar innri markaðarinnar. Við stækkun ESB falla hins vegar fríverslunarsamningar okkar við nýju aðildarríkin úr gildi. Reynslan hefur því miður sýnt að ESB bætir þá skerðingu markaðsaðgangs ekki nema að takmörkuðu leyti.

Stækkun ESB mun enn minnka vægi EFTA-hlutans í EES og athygli aðildarríkja og stofnana ESB færist í auknum mæli frá hagsmunum EFTA-ríkjanna. Veruleg þróun hefur átt sér stað innan ESB á sviðum sem EES-samningurinn nær ekki til. Dæmi um þetta eru atvinnumál. Þessi þróun getur dregið úr því samræmi innan EES sem að var stefnt. Aukið vægi stofnana ESB sem óháðar eru samráðsferli EES-samningsins, einkum ráðherraráðsins og Evrópuþingsins, getur orðið til þess að minnka enn áhrif EFTA-ríkjanna á þróun EES-reglna, sem ekki eru mikil fyrir. Loks getur hugsanleg innganga Noregs í ESB, eða sívaxandi bein samskipti Norðmanna við ESB, haft veruleg áhrif á trúverðugleika og rekstrarþátt EFTA-hliðar EES-samningsins.

EFLING SAMRÁÐS VIÐ EINSTÖK AÐILDARRÍKI

Til þess að EES-samningurinn geti áfram gegnt hlutverki sínu þarf að bregðast við þessari þróun. Formleg breyting á EES-samningnum er tæpast möguleiki í stöðunni, en slík breyting þyrfti til dæmis að hljóta samþykki þjóðþinga allra aðildarríkjanna.

Svoneftt fiskimjölsmál er dæmi um nauðsyn öflugs samráðs við einstök aðildarríki ESB, í ljósi aukins vægis stofnana sem óháðar eru samráðsferli EES-samningsins við mótnun reglna á innri markaðnum. Þá er fyrirhuguð stækkun ESB tilefni til aukins samráðs við væntanleg aðildarríki og kynningar á eðli EES-samningsins og íslenskum áhersluatriðum. Ljóst er að stækkunarferli ESB gerir þetta starf sífellt þyngra í vöfum fyrir ríki sem standa

utan sambandsins. Loks er umfang Evrópusamstarfsins og mikilvægi ýmissa óformlegra tengsla slíkt að leggja ber aukna áherslu á stöðugleika í starfsmannahaldi íslenska sendiráðsins í Brussel. Þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu er í þessu sambandi sérstakt fagnaðarefni, en hún eflir óformlegar jafnt sem formlegar samskiptaleiðir Íslands við ESB.

KOSTIR OG GALLAR ESB-AÐILDAR

Með aðild að ESB yrðu Íslendingar meðal annars aðilar að tollabandalagi sambandsins og niður félli tollur á ýmsum smærri afurðum sem ekki fékkst fullt tollfrelsi fyrir í EES. Þá fengju Íslendingar beinan aðgang að ákvarðanatöku og aukna möguleika til áhrifa á mál sem varða Ísland með beinum hætti. Þannig yrði farið með fullveldið sameiginlega með öðrum aðildarríkjum ESB. Mjög skiptar skoðanir eru þó um raunveruleg áhrif Íslendinga innan sambandsins ef til aðildar kæmi. Loks gæti aðild orðið til að draga frekar úr sveigjanleika íslensks vinnumarkaðar, hvað varðar samningssvið sem standa utan EES-samningsins.

MYNTBANDALAGIÐ

Á næstu misserum tekur evran við sem daglegur gjaldmiðill, seðlar og mynt, í tólf ríkjum Evrópusambandsins. Að líkindum verður hún fljótt einnig alls ráðandi í Danmörku vegna fastgengisstefnu Dana, jafnvel þótt þeir taki engar nýjar ákvarðanir um gjaldeyrismál sín. Jafnframt kann að fara svo að evran nái einhverri fótfestu í Bretlandi, til dæmis vegna samstarfs á fjármagnsmarkaði o.fl. Þessi þróun getur gerbreytt allri stöðu Íslendinga á skömmum tíma og er tímabært að hefja undirbúning viðbragða og aðgerða, en fyrirsjáanlegt er að á næstu árum muni íslensk fyrirtæki í vaxandi mæli nota evruna í daglegum viðskiptum.

Aðild að Myntbandalaginu er að forminu til háð aðild að ESB, þótt fræðilega væri hægt að semja um aukaaðild léði ESB máls á því. Aðild myndi að öllum líkindum hafa í för með sér breytingu á vaxtakjörum á innlendum lánum, en íslensk fyrirtæki geta ekki til lengdar búið við hærri vexti en tíðkast í helstu viðskipta- og samkeppnislöndum. Viðskiptakostnaður myndi lækka innan myntsvæðisins, óvissa og gjaldeyrisáhætta í viðskiptum minnka að sama skapi og líkur á erlendum fjárfestingum hér á landi aukast. Á hinn bóginn myndu Íslendingar missa stjórn á einu virkasta hagstjórnartæki sínu, peningastefnunni. Þá gæti aðild að Myntbandalaginu haft í för með sér auknar gengissveiflur í viðskiptum við önnur myntsvæði, til dæmis Bandaríkin, samanborið við núverandi fyrirkomulag gengiskörfu.

Kostum Myntbandalagsaðildar má að nokkru leyti ná með rýmkun heimilda fyrirtækja til að halda bókhald og telja fram til skatts í öðrum gjaldmiðli en krónu, til dæmis í evrum, og áhersla er lögð á mikilvægi rýmkunar slíkra heimilda.

SJÁVARÚTVEGSMÁL

Með aðild að ESB myndi íslenskur sjávarútvegur heyra undir sameiginlega sjávarútvegsstefnu sambandsins. Ekki er ástæða til að ætla að undanþága fengist frá henni, þótt látið yrði á það reyna í aðildarviðræðum, en ella leitað ásættanlegra sérákvæða. Ljóst er að íslenskur sjávarútvegur gæti ekki unað við núverandi stefnu ESB í sjávarútvegsmálum.

Ákvarðanatöku um leyfilegan heildarafla og stjórnun veiða úr deili- og flókkustofnum myndu flytjast alfarið til stofnana ESB. Í ljósi reynslunnar bendir fátt til að ráðgjöf íslenskra fiskifræðinga eða stefna íslenskra stjórnvalda hefðu mikil áhrif í þessum efnum. Aftur á móti hníga rök að því að ráðgjöf íslenskra stofnana yrði lögð til grundvallar ákvarðanatöku um leyfilegan heildarafla innan íslenskrar fiskveiðilögsögu. Meginregla ESB við kvótaúthlutun til aðildarríkja er reglan um hlutfallslegan stöðugleika. Þá yrði fyrirkomulag við úthlutun veiðiheimilda til útgerða á forræði Íslendinga sjálfra. Samkvæmt meginreglu ESB má ekki mismuna þegnum sambandsins hvað snertir fjárfestingar. Þó eru til undantekningar frá þeirri meginreglu. Við aðild gætu Íslendingar sett reglur um að ráðstöfunar- og nýtingarréttur á innlendum kvóta yrði bundinn raunverulegum tengslum við efnahagslíf í landi. Allsendis er óvíst hvaða áhrif Íslendingar hefðu á sjávarútvegsstefnu ESB.

Eftir stendur að ESB-aðild hefði í för með sér rétt erlendra aðila til að eignast meirihluta í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum með beinum hætti, erlenda aðkomu að mótun íslenskrar sjávarútvegsstefnu og að ákvarðanir um heildaraflamagn yrðu teknar á vettvangi ráðherraráðs ESB. Fyrir dyrum stendur endurskoðun sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar og því ríkir ákveðin óvissa um horfur á því sviði. Innan ESB eru viðhorf til sjávarútvegs víða ólík því sem er hérlandis. Í stað þess að leggja áherslu á viðskiptafrelsi og hagkvæmni í rekstri hefur sjávarútvegsstefnan víða treyst á byggðastyrki. Þá hafa jafnvel heyrst efasemdaraddir um meginregluna um hlutfallslegan stöðugleika. Flest bendir þó til að þróunin innan ESB sé í þá átt að reyna að koma á sjálfbærum og arðbærum rekstri, en beita öðrum aðferðum til stuðnings við jaðarbyggðir. Alls er hins vegar ófyrirséð um þá þróun.

Meginsjónarmið Íslendinga í samskiptum við ESB á sviði sjávarútvegs verður þó ávallt það að hér á landi er um allt annan atvinnuveg að ræða en víðast hvar í ESB og að Íslendingar gætu aldrei fallist á að greinin yrði sett undir önnur sjónarmið en þau er lúta að sjálfbærum og arðbærum rekstri.

VERKEFNIÐ FRAMUNDAN

Mikilvægt er að stuðla að upplýstri umræðu um kosti og galla ESB aðildar og að stjórnvöld og hagsmunasamtök hefjist handa við skilgreiningu samningsmarkmiða Íslands vegna hugsanlegrar aðildarumsóknar að ESB. Loks þarf að tryggja eins og kostur er að EES-samningurinn haldi gildi sínu og virkni gagnvart Íslandi. Í því skyni er meðal annars brýnt að efla samráð við einstök aðildarríki ESB og EFTA, að ógleymdum þeim ríkjum sem nú eiga í aðildarviðræðum við Evrópusambandið.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Garðastræti 41 Pósthólf 520 121 Reykjavík

Sími 511 5000 Fax 511 5050 Netfang: sa@sa.is Veffang: www.sa.is